

Mál nr. 301/2017
M og
vátryggingafélagið V-1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Suðurlandsvegi við afleggjarann að Sólheimajökli 4.8.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14.9.2017 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V-1 dags. 28.9.2017
3. Bréf V-2 dags. 20.9.2017
4. Athugasemdir lögmanna M dags. 20.9.2017.

Málsatvik.

Báðum bifreiðunum var ekið austur Suðurlandsveg og var B fyrir framan A. Eftir að ekið hafði verið yfir einbreiða brú færði B sig yfir á afrein en gaf síðan stefnuljós til vinstri skv. lýsingu ökumanns A. Ökumaður A taldi að B ætlaði að stoppa á afreininni og ók fram úr B vinstra megin og lenti á vinstri framhlið B og ökumaður A missti stjórn á bifreiðinni. Vitni segja að ökumaður B hafi hægt á B á miðjum vegi og verið hikandi nokkra stund en um leið og ökumaður B hafi beygt til vinstri hafi þau séð A sveigja framhjá B vinstra megin en rekist á B og segja vitnin að A hafi verið á mikilli ferð.

Álit.

Árekstur bifreiðanna varð á gatnamótum þar sem ökumaður A freistaði þess að aka fram úr B án þess að sýna nægjanlega aðgæslu. Þrátt fyrir að ökumaður B hafi verið hikandi nokkra stund eins og vitni bera áður en ökumaður B gaf stefnummerki til vinstri, þá verður ekki séð að ökumaður A hafi hagað akstri sínum svo sem honum bar að gera við þessar aðstæður og framúrakstur á gatnamótum. Ökumaður A ber því sök á árekstrinum. Ökumaður B hugaði ekki að umferð fyrir aftan sig áður en hún beygði til vinstri og vanrækti með því að sýna þá aðgæslu og varkárni sem henni bar. Ökumaður B ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir ekki rétt að leggja meiri sök á annan ökumann umfram hinn. Sök skiptist því til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 31.10. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.